


AssiStep stigahjálp

Velferðartæknimat



Verkefnið

Velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar framkvæmdi prófanir á AssiStep stigahjálpi í samvinnu við þjónustufbúðarkjarna Norðurbrún og Endurhæfingu í heimahúsi.

AssiStep er hjálpartæki sem er fest á vegg meðfram stiga í stað handriðs. Það er með stórt handfang sem er staðsett fyrir framan notandann við gang í stiganum og færir upp og niður. Stigaaðstoðin stýrist einungis af handafla notandans og ef hann fellur eða missir jafnvægið þá stoppar handriðið sem veitir aukið öryggi og getur dregið úr fallhættu.

AssiStep stigaaðstoðin er fyrst og fremst hugsuð fyrir fólk sem þarf aðstoð við að ganga í stiga vegna líkamlegra takmarkana.

Prófanir voru m.a. framkvæmdar með það að markmiði að athuga hvort að ákveðnir notendur myndu efla jafnvægi og vöðvastyrk.

Prófanir fóru fram 2019 - 2020

Nánari upplýsingar varðandi tæknina og prófanir má nálgast hjá Velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar.

VTS@REYKJAVIK.IS

Niðurstöður

Notkun AssiStep er einföld og allir þátttakendur gátu í lok prófana notað lausnina án aðstoðar.

Þátttakendur höfðu betri hreyfifærni og upplifðu betri líðan eftir að hafa reglulega notað stiga í stað lyftu til að komast á milli hæða.

Önnur hjálpartæki, svo sem göngugrind, takmarkar notkun AssiStep nema viðkomandi sé með slíkan búnað á báðum hæðum eða fær aðstoð við að flytja hann milli hæða.

Fáir íbúar Norðurbrúnar nýttu AssiStep án þess að hvatt var sérstaklega til þess.

Draga má þá ályktun að AssiStep nýtist betur inn á einkaheimilum, þar sem lyfta er ekki til staðar og stigar styttri.

AssiStep er í reglulegri notkun í Norðurbrún og er nýtt fyrir skipulagða heilsuþjálfun íbúa.

Prófanir sýndu fram á að tæknin er einföld í notkun og styður við aukna hreyfingu og sjálfsbjargargetu fólks.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið